

ÁRSSKÝRSLA
Byggðasafns Vestfjarða
fyrir árið 2019
Höfundur:

Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður

Starfsemin.

Starfsemi Byggðasafns Vestfjarða var með hefðbundnu sniði árið 2019. Safnið var opið daglega frá kl. 9-17 frá miðjum maí til 30. september. Aðgangseyrir var 1300 kr., 1050 kr. fyrir eldri borgara og hópa fleiri en 10. Frítt var fyrir börn á grunnskólaaldri. Verð til hópa á vegum Vesturferða var 900 kr.

Fastir starfsmenn voru Helga Þórsdóttir, starfandi forstöðumaður, Jón Sigurpálsson, fyrrverandi forstöðumaður, sinnti ýmsum verkefnum fyrir safnið fram í júlí og Rana Campell vann hluta ársins. Jóna Símonía Bjarnadóttir sem tók við forstöðu safnsins í júlí 2019. Frá haustinu starfaði Þorsteinn Traustason sem eftirlitsmaður með húsum safnsins, lóð og bátum.

Auk þeirra voru sumarstarfsmenn Snævar Sölvi Sölvason, Lydía Hrönn Kristjánsdóttir og Heiðrún Gréta Viktorsdóttir.

Gestir safnsins.

Gestir safnsins árið 2019 voru rúmlega 13.000, sem er nokkru færra en á síðasta ári. Sem fyrr var mikill meirihluti þeirra erlendir gestir. Flestir voru gestir Vesturferða sem komu í skipulögðum ferðum skemmtiferðaskipanna en þeir voru nærri 9000. Áætlaður fjöldi gesta inn á safnsvæðið í Neðstakaupstað er á milli 25 – 30 þúsund. Sú aukning helgast af auknum fjölda skemmtiferðaskipa síðustu ár. Aðgangstekjur voru rúmar 12.3 milljónir króna en gert var ráð fyrir tæpum 18 milljónum í áætlun safnsins.

Hagræðing og aðhaldsaðgerðir.

Áfram var reynt að draga úr kostnaði við rekstur safnsins.

Fundarhöld og ráðstefnur.

Helga Þórsdóttir sótti málstofuna Stafrænar lausnir fyrir söfn og setur í mars. Jóna Símonía sótti ársfund íslenskra safnmanna (Farskóli íslenskra safnmanna) á Patreksfirði í október. Í nóvember sótti sú sama námskeið um uppsetningu (mounting) safngripa á sýningum.

Sýningar.

Lokið var uppsetningu á sýningunni Ég var aldrei barn.

Bárðarslippur

Ekkert var unnið við slippinn á árinu frekar en í fyrra. Byggðasafn Vestfjarða hefur staðið að fjármögnun við viðgerðs slippins hingað til. Ekki tókst að afla styrkja til frekari framkvæmda.

Óhjákvæmilegt er að láta þess getið að slippurinn er í eigu Ísafjarðarbæjar sem fól safninu hann til umsjónar og varðveislu árið 2007.

Aðeins um Báta safnsins.

Bátar safnsins eru 15, að auki eru tveir sem eru fóstaðir fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Vegna aðhaldsaðgerða var ákveðið að lágmarka alla vinnu við þá, þrátt fyrir að meira hafi verið gert en árið 2017. Helstu verkefni ársins voru eftirfarandi:

1. Gunnar Sigurðsson Ís 13. Báturinn var tekinn á land haustið 1918 og ekki sjósettur 2019.
2. Jóhanna Ís 159. Báturinn var tekinn á land haustið 1918 og ekki sjósettur 2019. Búið var um bátinn fyrir vetrargeymslu á svæði safnsins.
3. Gestur frá Vigur. Báturinn var tekinn á land haustið 1918 og ekki sjósettur 2019. Búið var um bátinn fyrir vetrargeymslu á svæði safnsins.
4. Eljan Ís 590. Ekki var unnið bátinn og var ekki sjósettur. Hann var búinn undir vetrargeymslu á svæði safnsins.
5. Sædís var við bryggja fram á haust. Báturinn var tekinn á land haustið 1918.
6. María Júlía Ba 36. Unnið hefur verið að áætlanagerð í samvinnu við Björn Erlingsson hafeðlisfræðing og áhugamann um afdrif hennar.

Vélsmiðja G.J. Sigurðssonar á Þingeyri.

Smiðjan var opin hluta úr sumri en var lokað þegar ekki tókst að manna yfirsetu. Aukist hefur að ferðapjónar nýti sér hana fyrir hópa og var opnað fyrir hópa fram eftir sumri en við það nutum við aðstoðar Þóris Guðmundssonar.

Geymslumál

Safnið hefur sára þörf fyrir geymsluaðstöðu fyrir stærri hluti sem geymdir eru á nokkrum stöðum og einnig báta safnsins, sem teknir eru á land yfir vetrarmánuðina. Mjög brýnt er að þessi vandi verði leystur á allra næstu árum en skoða mætti þau mál í samhengi við sára vöntun Héraðsskjalasafnsins, Ljósmyndasafnsins og Listasafns Ísafjarðar fyrir geymslurými.

Skráning muna.

Unnið var við skráningu á árinu fyrir styrk úr Safnasjóði. Um það sá Rana Campell.

Stjórn safnsins.

Stjórn safnsins var skipuð Guðmundi Gunnarssyni bæjarstjóra á Ísafirði, Jóni Páli Hreinssyni bæjarstjóra í Bolungarvík og Bragi Þór Thoroddse sveitarstjóra í Súðavíkurbreppi. Ísafjarðarbær annaðist bókhald safnsins og einnig launabókhald. Endurskoðun Vestfjarða gekk frá ársreikningi safnsins.